

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar hafa fingur eða blýant undir texta þegar þeir lesa vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur,
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þeim að fara ekki línuvillt,
- og þannig verða þeir öruggari í lestri.


Litaðu einn fugl fyrir hvern texta sem þú þjálfar.

Orðafjárjóður

Hér máttu skrifa þau orð sem þér finnst áhugaverð eða þig langar til að vita meira um.

ÓÞEKKT OG ANDASKÍTUR

Eitt skref í einu – stig 1



Til lestrarþjálfara

Um þjálfunina

Æskilegt er að sami aðilinn sjái um þjálfunina á þjálfunartímabilinu til að viðhalda sama vinnulagi og fá tilfinningu fyrir framförum.

Heildarþjálfunartími er 15 mínútur; fyrst lesfimiþjálfunin samkvæmt þjálfunarfyrikomulagi og svo í heimalestrarbók að 15 mínútunum.

Nemandinn les alltaf upphátt til að lestrarþjálfarinn fái innsýn í lestrarferlið hjá nemandanum.

Sjáið til þess að nemandinn hafi fingurinn undir því orði sem lesið er hverju sinni eða notið blýant til að styðja hann í lestrinum.

Lesskilningsspurningarnar eru leystar munnlega eftir síðustu tímatökuna.

Gott hljómfall við lestur næst þegar nemandinn hikar á kommu og stoppar á punkti.

Hagnýt ráð

Þjálfði eins snemma dags og kostur er.

Gætið þess að barnið sé ekki svangt og sé búið að fara á salernið.

Veljið stað þar sem næði er gott og engin truflun.

Sitjið við hlið barnsins og veitið lestri þess góða athygli.

Hvetjið og hrósið.

Erfiðleikar við lestur orðs?

Ekki hleypha barninu áfram í lestri nema orð sé alveg rétt lesið.

Í **tímatökunni** skaltu bíða í tvær sekúndur en svo máttu segja barninu hvert orðið er svo það geti haldið áfram lestrinum.

Þegar nemandinn þjálfar textann **milli tímatöku** og lendir í vanda við umskráningu orðs, getur þú nýtt þér eftirfarandi ráð:

- Láttu barnið glíma sjálft við orðið í um það bil fimm sekúndur.
- Spurðu „Hvaða orð heldur þú að þetta sé?“
- Hvettu barnið til að lesa málsgreinina til enda og nýta sér samhengið til að ráða í orðið.
- Lestu orðið fyrir barnið, skoðaðu það vel með því og láttu það þjálfva lestur orðsins nokkrum sinnum.

Hvatning og hrós

Vel lesið!

Þú last öll orðin rétt!

Þér tókst að leysa orðið!

Þér hefur virkilega farið fram í ...

Þú stendur þig vel í þjálfuninni!

Þú lest skýrt og fallega.

Frábært viðhorf!

skvampar	skammast	endilega
----------	----------	----------

Lotta og Guðrún ganga heim í frostinu.	4
Það skvampar í skónum hennar Guðrúnar alla leiðina.	7
Lotta skammast sín ekkert og skilur ekki af hverju Guðrún vildi endilega busla í Tjörninni.	11
Guðrún ætlar að fá sér kakó og fara í bað.	15
Lotta er óþekkasti hundur á Íslandi.	19
Guðrún elskar hana samt.	24
	28
	30
	35
	40
	46
	50

Hvers vegna skammast Lotta sín ekkert?

Hvers vegna er það mikilvægt fyrir Lottu að læra að hlýða eiganda sínum?

Skráning

varlega	klakanum	strætó
---------	----------	--------

Guðrún skríður varlega	3
eftir ísnum.	5
Það er andaskítur á klakanum.	10
Tennurnar glamra í munninum	14
á henni.	16
Fína kápan festist við ísinn.	21
Hún er örugglega ónýt.	25
Loksins komast þær upp	29
á bakkann.	31
Þeim er kalt og þær	36
eru blautar og skítugar.	40
Of skítugar til að fara	45
heim í bíl eða strætó.	50

Hvernig líður Guðrúnu og Lottu eftir allt volkið?

Hvernig komast þær heim ef þær geta hvorki farið
í bíl eða strætó?

Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						
20						

feld	mjúk	óþekkasti
------	------	-----------

Lotta er mjög sætur hundur.	5
Hún er með hvítan feld,	10
loðin eyru og svört augu.	15
Lotta er mjúk og hlý.	20
Hún er líka kát.	24
Lotta er frábær – en	28
hún er líka óþekkasti	32
hundur á Íslandi.	35

Hvernig lítur hundurinn Lotta út?

Hvers vegna heldur þú að Lotta sé óþekkasti hundurinn á Íslandi?

hoppar	loksins	rassinn
--------	---------	---------

Guðrún hoppar og hoppar.	4
Það er vond lykt	8
af vatninu.	10
Loksins tekst henni	13
að ná taki á ísnum	18
og velta sér upp	22
á hann með rassinn á undan.	28
Fólkið á bakkanum klappar aftur.	33
Einhver tekur mynd.	36
Guðrún þorir ekki að	40
standa upp.	42
Hún vill ekki detta	46
aftur ofan í vatnið.	50

Hvernig kemst Guðrún upp á ísinn?

Hver vegna þorir hún ekki að standa upp?

geltir	gæsirnar
--------	----------

Guðrún lyftir Lottu upp	4
á ísinn og hugsar málið.	9
Lotta geltir á fólkið.	13
Hún geltir á Guðrúnu	17
og hún geltir á gæsirnar.	22
– Þetta er allt þér að kenna,	28
segir Guðrún og reynir	32
að komast upp á ísinn.	37
Það tekst ekki, sama	41
hvað hún reynir.	44
Lottu virðist vera alveg sama.	49

Hvað gerir Lotta þegar hún er komin upp á ísinn?
Heldur þú að Lotta eigi eftir að hjálpa eiganda sínum?

hundaskóla	truflaði
------------	----------

Konan sem á Lottu	4
heitir Guðrún.	6
Lotta og Guðrún hafa	10
farið í hundaskóla.	13
Það gekk ekki mjög vel.	18
Lotta pissaði á kennarann	22
og truflaði alla hina hundana.	27
Þær reyna að hugsa	31
ekki mikið um það.	35

Hvernig gekk Lottu í hundaskólanum?
Hvað heldur þú að Lotta hafi gert til að trufla alla hina hundana?

fallegan	brosa
----------	-------

andaskítur	andakúkur	djúpt
------------	-----------	-------

Nú ætla Guðrún og	4
Lotta saman í bæinn.	8
Guðrún fer í fína kápu.	13
Það er kalt úti og sól.	19
Guðrúnu finnst gaman	22
að fara út með svona	27
fallegan hund.	29
Allir brosa til Guðrúnar	33
og Lottu.	35

Hvert ætlar Guðrún að fara með Lottu?

Hvers vegna heldur þú að allir hafi brosað til Guðrúnar og Lottu?

Guðrún getur bara hugsað um eitt:	6
Það er andaskítur í Tjörninni.	11
Hún er ofan í Tjörninni	16
og það er andakúkur í vatninu,	22
andakúkur á ísnum og	26
andakúkur ofan í skónum hennar.	31
Hún veit ekkert hvernig	35
hún á að komast upp úr.	41
Ísinn er þunnur og Guðrún	46
er djúpt ofan í vatninu.	51

Hvað var það eina sem Guðrún gat hugsað um?

Hvernig ætli Guðrúnu takist að komast upp úr Tjörninni?

stjörf	axlir	algjör	spriklar
--------	-------	--------	----------

Fólkið hættir að klappa.	4
Höfuð og axlir Guðrúnar	8
standa upp úr vatninu.	12
Lotta er ekki ánægð	16
og spriklar og geltir.	20
Henni finnst Guðrún algjör	24
klaufi að detta svona	28
ofan í vatnið.	31
Endurnar horfa hissa á.	35
Guðrún er stjörf af kulda.	40
Hún getur varla hreyft sig.	45

Eru Guðrún og Lotta í mikilli hættu?

Lottu finnst þetta allt vera Guðrúnu að kenna.
Er það rétt?

kuldanum	tauminn	prúð
----------	---------	------

Lotta og Guðrún ganga	4
niður að Tjörn.	7
Tjörnin er frosin í kuldanum.	12
Lotta togar í tauminn.	16
– Lotta, vertu prúð!	19
segir Guðrún blíðlega.	22
En Lotta er ekki prúð.	27
Hún togar meira í	31
tauminn og geltir.	34

Hvernig hegðar Lotta sér?

Hvernig reynir Guðrún að stoppa Lottu?

svolítið	þæg
----------	-----

– Ekki þetta vesen, Lotta,	4
segir Guðrún.	6
Hún er orðin svolítið reið.	11
Lotta geltir og togar	15
áfram í tauminn.	18
Guðrún togar í hinn endann.	23
Þá þykist Lotta vera	27
orðin þæg.	29
Guðrún brosir.	31
Þá gerist það.	34

Hvers vegna ætli Lotta haldi áfram að gelta og toga í tauminn?
Hvernig tekst Lottu að plata Guðrúnu?

brestur	kaldara	sökkva
---------	---------	--------

Það er þá sem það gerist.	6
Ísinn brestur og Lotta	10
og Guðrún steypast	13
ofan í vatnið.	16
Það er kalt úti,	20
en það er enn þá	25
kaldara ofan í Tjörninni.	29
Fína kápan verður strax	33
mjög þung í vatninu.	37
Skórnir hennar Guðrúnar sökkva	41
ofan í leðjuna á botninum.	46

Hvað var það sem gerðist?
Hvers vegna verða fót þyngri í vatni?

loppu	krýpur	klappar
-------	--------	---------

beislinu	margt
----------	-------

Fólkið hristir bara hausinn.	4
En hvað gerist nú?	8
Lotta er komin með eina	13
loppu upp á ísinn.	17
Og svo tvær!	20
Lotta er að komast upp!	25
Hún hristir sig	28
og hleypur af stað.	32
Guðrún brosir. Hún krýpur	36
og tekur Lottu í fangið.	41
Fólkið á bakkanum klappar.	45

Hvernig tekst Lottu að komast upp úr vökinni?
Hvað heldur þú að gerist næst í sögunni?

Lotta togar fast í tauminn	5
og losnar úr beislinu!	9
Hún hleypur beint út	13
á ísinn á Tjörninni.	17
– Lotta komdu aftur!	20
hrópar Guðrún.	22
STOPP!	23
En Lotta hlustar ekki.	27
Það er margt sem hana	32
langar til að skoða á ísnum.	38

Hvað gerir Lotta þegar hún losnar úr beislinu?
Hvers vegna hrópar Guðrún STOPP þegar Lotta hleypur út á ísinn?

bakkanum	ferðamenn	þunnur	greinilega
----------	-----------	--------	------------

– Ísinn er of þunnur!	4
kallar Guðrún.	6
Hún stendur ein á bakkanum.	11
Lotta skautar á ísnum.	15
Ferðamenn nema staðar og	19
fylgjast með Guðrúnu hrópa og hoppa.	25
Það þýðir ekkert.	28
Lotta lítur ekki einu	32
sinni á Guðrúnu og	36
finnst greinilega gaman.	39

Hvað getur gerst ef farið er út á of þunnan ís?
Hvernig bregst Lotta við köllum Guðrúnar?

reynir	fólksins	eiginlega
--------	----------	-----------

Guðrún gengur hægt á ísnum.	5
– Lotta mín, komdu!	8
Lotta reynir að komast upp	13
en það tekst ekki.	17
Ísinn er svo þunnur næst	22
vökinni að Guðrún þorir	26
ekki alla leið til Lottu.	31
Hún kallar til fólksins	35
á bakkanum:	37
– Hvað á ég eiginlega	41
að gera?	43

Hvers vegna þorir Guðrún ekki alla leið til Lottu?
Hvað mynduð þið ráðleggja Guðrúnu að gera?

hugmynd	buslar	brakar
---------	--------	--------

langt	sprungu
-------	---------

Guðrún stígur út á ísinn.	5
– Þetta er slæm hugmynd!	9
segir maður á bakkanum.	13
Nú eru margir að	17
horfa á þær Lottu.	21
Guðrún heldur áfram.	24
Lotta buslar og geltir	28
í vökinni.	30
Hún er að verða þreytt.	35
Guðrún gengur varlega	38
til hennar.	40
Það brakar í ísnum.	44

Af hverju ætli áhorfendurnir hjálpi Guðrúnu ekki að bjarga Lottu?

Hvers vegna þarf Guðrún að vera fljót að bjarga Lottu?

En Guðrún hefur	3
rétt fyrir sér.	6
Ísinn er of þunnur.	10
Fyrst myndast löng sprunga.	14
Lotta stoppar og þefar	18
af sprungunni.	20
Hún lítur að bakkanum.	24
Það er langt í land.	29
Hún hugsar málið.	32
En ekki lengi,	35
því allt í einu ...	39
PLASK!	40

Hvaða hættumerki verður Lotta fyrst vör við?

Hvað gerist á meðan Lotta hugsar málið?

Lotta er ofan í vatninu.	5
Guðrún veinar.	7
Hvað getur hún gert?	11
Lotta er svo langt	15
frá bakkanum.	17
Lotta er synd	20
en hún kemst alls ekki	25
upp úr vökinni á ísnum.	30
Ef Guðrún hringir á aðstoð	35
núna berst hjálpin of seint.	40

Hvers vegna dugar það Lottu ekki að vera vel synd?
Hvað merkir orðið „vök“?

Guðrún á engra kosta völ.	5
Hún getur bara gert eitt:	10
Hún verður að bjarga	14
óþekkasta hundi á Íslandi.	18
Guðrúnu langar ekki	21
út á ísinn.	24
Hann er of þunnur.	28
Það er hættulegt.	31
En hún verður.	34
Annars drukknar Lotta.	37
Hún verður.	39
Núna!	40

Hvað þýðir það „að eiga engra kosta völ“?
Hver verða örlög Lottu ef Guðrún bjargar henni ekki?